

Úttekt Ríkisendurskoðunar á launagreiðslum til lækna

Veruleg tilfærsla frá verktakagreiðslum til fastra launa

Flestir hópar lækna hafa haldið í við almenna launaþróun

RÍKISENDURSKOÐUN GERDI Í SUMAR ÚTTEKT Á LAUNUM lækna og hefur orðið nokkur umræða um vinnubrögð stofnunarinnar eins og sjá má stað í þessu hefti Læknablaðsins. Hvað sem um það er að segja þá eru niðurstöður úttektarinnar býsna fróðlegar, ekki síst þegar skoðuð er þróunin í samsetningu launanna.

Ríkisendurskoðun ber saman niðurstöður þessarar úttektar við niðurstöður úr samskonar úttekt sem gerð var árið 1992. Stofnunin slær ýmsa varnagla um að erfitt sé að bera saman þessar tvær skýrslur en engu að síður lýsa þær ákveðinni þróun. Alls bárust stofnuninni upplýsingar um 1.037 starfandi lækna.

Launagreiðslur til lækna eru að sjálfsögðu ákaflega mismunandi og þeir alhæstu eru með æði drjúgar tekjur. En ef litid er á dreifingu launanna þá sést að tæpur þriðjungur lækna er með árstekjur undir fimm milljónum, tæpur helmingur er á bilinu fimm til níu milljónir en innan við fimmtungur fær yfir níu milljónir í árslaun. Vert er að geta þess að hér er eingöngu um launagreiðslur að ræða, búið er að draga frá greiðslur fyrir rekstrarkostnað og ökutækjastyrkir, dagpeningar, húsaleigustyrkir, símastyrkir og greiðslur vegna námsferða eru ekki inni í þessum tölum.

Í úttektinni kemur fram að meðallaunagreiðslur til lækna hafa hækkað um 53% á þessum átta árum og er það í samræmi við almenna launaþróun í landinu. Hækkun umfram launavísitölu er 2,54% en hækkun umfram vísitölu neysluverðs er 25%. Launabreytingar hafa verið misjafnar eftir sérgreinum, þannig hafa meðallaun skurðlækna hækkað um 17% umfram launavísitölu og embættis- og svæfinga- og gjörgæslulækna um 14% en 17% vantar upp á að meðallaun sjálfstætt starfandi heimilislækna hafi haldið í við almenna launaþróun.

Forvitnilegt er að skoða fylgni aldurs og launagreiðslna. Þar kemur fram að meðallæknirinn nær hámarkslaunum 43 ára gamall og heldur síðan þeim launum lítt breyttum þar til hann fer á eftirlaun.

Hlutur fastra launa eykst

Í úttektinni er launagreiðslum skipt eftir uppruna og kemur þá í ljós að hlutur sjúkrahúsa í launagreiðslum hefur aukist úr 47% í 51% en athyglisverðust er þó tilfærslan hjá heimilislæknum: árið 1992 var hlutfall launa sem lækna fengu fyrir störf á læknastofum 34% af heildinni en féll niður í 18% árið 2000. Á sama tíma hækkaði hlutur heilbrigðisstofnana og

heilsugæslustöðva í launagreiðslum úr 10% í 26% af heildinni. Þetta á sér þó þá skýringu að með úrskurði kjaranefndar árið 1998 voru launagreiðslur til heilsugæslulækna færðar til heilsugæslustöðvanna en áður hafði stór hluti þeirra verið greiddur af Tryggingastofnun í formi verktakagreiðslna.

Lítum næst á skiptingu heildarlauna allra lækna eftir því hvað er verið að greiða fyrir:

	1992	2000
Föst laun	31%	47%
Yfivinna og vaktaálag	35%	31%
Verktakalaun	28%	18%
Hlutur sjúklinga	6%	4%

Það sem er athyglisverðast í þessum tölum er hversu mjög hlutur fastra launa hefur aukist á þeim átta árum sem líða milli úttektanna. Það gerist að stærstum hluta á kostnað verktakalaunanna en yfirvinnan og hlutur sjúklinga hefur einnig dregist saman. Það síðastnefnda gengur þvert gegn því sem oft hefur verið haldið fram í pólitískri umræðu.

Hlutur verktakagreiðslna er mjög misjafn eftir sérgreinum, auk þess sem fram kemur að hlutur þeirra hækkar eftir því sem laun lækna eru hærri. Ef litid er á sérgreinarnar skera tvær þeirra sig úr. Hlutur verktakagreiðslna er 57% af launum augnlækna og 55% af launum húð- og kynsjúkdómalækna. Sömu stéttir fá líka stærra hluta launa sinna beint frá sjúklingum en aðrir lækna. Húð- og kynsjúkdómalækna fá þriðjung launa sinna frá sjúklingum og augnlækna 18%.

Úttekt Ríkisendurskoðunar er fyrir margra hluta sakir fróðleg lesning en hana má nálgast á heimasíðu stofnunarinnar: www.rikisend.althingi.is

—PH